

RÍKJARÁÐSTEFNA UM
AÐILD ÍSLANDS AÐ EVRÓPUSAMBANDINU

SAMNINGSAFSTAÐA ÍSLANDS
2. kafli
Frelsi launþega til flutninga

Samantekt um samningsafstöðu

1. EES-samningurinn tekur að fullu til 2. kafla um frelsi launþega til flutninga. Ísland innleiðir og beitir regluverki sem varðar Evrópska efnahagssvæðið og fellur undir þennan kafla með samfelldum hætti.
2. Ísland fellst á sameiginlega regluverkið sem varðar 2. kafla um frelsi launþega til flutninga eins og það stóð 9. febrúar 2011¹. Ísland mun hafa lokið við innleiðingu á öllu regluverki, sem fellur undir þennan kafla fram til þess dags og ekki hefur verið innleitt, við aðild.
3. Ísland hefur þann löggjafar- og stofnanaramma sem nauðsynlegur er til að standa áfram að innleiðingu regluverksins í þessum kafla.
4. Ísland fer ekki fram á sérlausnir, undanþágur eða aðlögunartímabil vegna þessa kafla.

EES-samningurinn

Ísland hefur verið aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) síðan hann öðlaðist gildi árið 1994. Ísland hefur því tekið þátt í innri markaðinum í rúmlega 16 ár og hefur innleitt alla viðeigandi löggjöf Evrópusambandsins með tilliti til fjórþætta frelsisins, sem og á öðrum mikilvægum sviðum á borð við rannsóknir og þróun, menntun, félagsmálastefnu, umhverfismál, neytendavernd, ferðaþjónustu og menningarmál. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) fylgist reglulega með stöðu Íslands gagnvart EES-samningnum og birtir tvisvar á ári upplýsingar um frammistöðu Íslands á innri markaðinum (e. internal market scoreboard).

Í þeim köflum sem EES tekur til hefur Ísland byggt upp löggjafar- og stofnanaramma sinn til samræmis við og til innleiðingar á regluverki ESB. EES-samningurinn tekur til 2. kafla um frelsi launþega til flutninga.

Lagarammi

Lagaramminn er fyrir hendi til áframhaldandi innleiðingar þess regluverks sem þessi kafli tekur til.

¹ Dagsetning rýnifundar (einn fundur í þessum kafla)

Aðgangur að vinnumarkaði

Grundvallarreglur regluverks Evrópusambandsins að því er varðar aðgang að vinnumarkaði falla undir EES-samninginn og eru lögleiddar á Íslandi með samfelldum hætti.

Meginlöggjöf um aðgang að vinnumarkaði er lög nr. 47/1993 um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins. Með þessum lögum var reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 um frelsi launþega til flutninga innan Bandalagsins tekin upp í landsrétt og veita þau ríkisborgurum á Evrópska efnahagssvæðinu forgang að íslenskum vinnumarkaði umfram ríkisborgara frá ríkjum utan Evrópusambandsins. Velferðarráðherra skipar nefnd sem hefur eftirlit með framkvæmd laganna og eiga Alþýðusamband Ísland og Samtök atvinnulífsins m.a. fulltrúa. Ákvæði tilskipunar 2004/38/EB um ríkisborgara ESB sem taka þátt í atvinnustarfsemi sem launþegar hafa verið tekin upp í landsrétt með lögum nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga.

Ísland tekur fullan þátt í vinnumiðlunarneti Evrópu (EURES) sem komið var á fót á Íslandi árið 1994 skv. 15. gr. bókunar 31 við EES-samninginn. Meginmarkmið stofnunarinnar er að auðvelda frjálsa för launþega milli ríkjanna 30 innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í kjölfar fjármálahrunsins 2008 er það ekki lengur helsta viðfangsefni stofnunarinnar að ráða erlent vinnuafli, þess í stað veitir hún ráðgjöf til launafólks á íslenskum vinnumarkaði um atvinnutækifæri og lífsskilyrði í öðrum ríkjum innan EES. Vinnuálastofnun er þátttakandi í vinnumiðlunarneti Evrópu.

Ísland hefur staðið við skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum um að vernda viðbótarlífeyrisséttindi launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem flytjast á milli aðildarríkja. Íslenska lífeyriskerfið er tryggingakerfi sem greiðir sjóðfélögum ellilífeyri, örorkulífeyri og lífeyri til eftirlifandi maka og barna sjóðfélaga við andlát þeirra. Bæði launþegi og launagreiðandi greiða iðgjald vegna skyldubundinnar aðildar að lífeyrissjóði samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Samkvæmt lögnum ber hverjum íslenskum launþega að greiða a.m.k. 12% af launum í lífeyrissjóð.

Samræming almannatryggingakerfa

Regluverk Evrópusambandsins að því er varðar samræmingu almannatryggingakerfa fellur undir EES-samninginn og er lögleitt á Íslandi með samfelldum hætti.

Kveðið er á um almannatryggingar í lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar. Reglugerðir (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 eru lögleiddar með lögum um almannatryggingar og ýmsum öðrum lögum, s.s. lögum um sjúkratryggingar, heilbrigðisþjónustu, launað foreldraorlof, þjónustu við aldraða og öryrkja og atvinnuleysistryggingar.

Reglugerðir (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009 hafa komið í stað fyrrgreindra reglugerða í löggjöf ESB og breytingar standa yfir á VI. viðauka við EES-samninginn til að taka gerðirnar upp í samninginn. Ísland hefur þegar lagt til breytingar við viðauka nýju reglugerðanna sem búið er að kynna fyrir aðildarríkjunum og framkvæmdaráð um samræmingu almannatryggingakerfa hefur samþykkt. Auk þess hefur ráð heilbrigðis- og félagsmálaráðherra Evrópusambandsins („Employment, Social Policy, Health and Consumer Affairs Council“ – EPSCO) samþykkt að

nýju reglugerðirnar verði teknar upp í EES-samninginn. Komi til aðildar er nauðsynlegt að viðaukum við reglugerðir (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009 verði breytt í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru af Íslands hálfu við innleiðingu reglugerðanna í EES samninginn.

Undirbúningur er hafinn fyrir þátttöku í rafrænni miðlun upplýsinga um almannatryggingar (EESSI) og var stýrinefnd skipuð fulltrúum lögbærra stofnana sett á laggirnar í febrúar 2010 til þess að búa stofnanirnar undir þessar breytingar.

Ísland hefur gefið Evrópska sjúkratryggingakortið (EHIC) út frá 2005 og er reiðubúið að gefa út slíkt kort fyrir ríkisborgara þriðja lands sem njóta sjúkratryggingar á Íslandi. Ekki verður séð að innleiðing reglugerðar (EB) nr. 1231/2010, sem rýmkar gildissvið reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar (EB) nr. 987/2009 svo þær taki til ríkisborgara þriðja lands sem ekki njóta réttinda samkvæmt þessum reglugerðum vegna þjóðernis, verði vandkvæðum bundin við aðild.

Stofnanarammi

Stofnanarammi til áframhaldandi innleiðingar regluverks þessa kafla er fyrir hendi.

Aðgangur að vinnumarkaði

Aðgangur að vinnumarkaði heyrir undir velferðarráðuneytið sem framfylgir reglum um frjálsa för launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins samkvæmt lögum nr. 47/1993. Starfsmenn velferðarráðuneytisins eru 95 og þar af starfa 11 á skrifstofu líf skjara og vinnumarkaðar sem ber ábyrgð á málefnum vinnumarkaðarins. Reglur um heimildir launþega og fjölskyldna þeirra til dvalar hér á landi heyrir undir innanríkisráðuneytið samkvæmt lögum nr. 96/2002. Starfsmenn innanríkisráðuneytisins eru 70 og þar af starfa 14 á skrifstofu mannréttinda og sveitarfélaga sem ber ábyrgð á réttindum erlendra launþega.

Vinumálastofnun heyrir undir velferðarráðuneytið og fer með yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu og á jafnframt samstarf um vinnumiðlun í gegnum vinnumiðlunarnet Evrópu á Íslandi. Hjá Vinnumálastofnun starfa 183, þar af þrír EURES-ráðgjafar, sem og tengiliðir í öllum þjónustustöðvum stofnunarinnar. Meginviðfangsefni Vinnumálastofnunar er að starfrækja þjónustuskrifstofur stofnunarinnar víðs vegar um landið. Stofnunin heldur m.a. utan um upplýsingar um atvinnuástand og fylgist með samsetningu vinnuafls í landinu. Vinnumálastofnun annast einnig útgáfu atvinnuleyfa fyrir útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og daglegan rekstur Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Fjármálaráðuneytið ber ábyrgð á lífeyri og viðbótarlífeyri, fjölskyldubótum og framlagi til almannatrygginga. Lífeyrissjóðirnir, sem heyrir undir fjármálaráðuneytið, bera ábyrgð á umsýslu lífeyriskerfisins og elli- og örorkulífeyriskerfisins. Í árslok 2008 voru 37 lífeyrissjóðir með 88 deildir starfræktir á Íslandi. Fjöldi starfsmanna er 256.

Íslensk stjórnsýsla hefur næga getu til að halda áfram að innleiða regluverk um aðgang að vinnumarkaði.

Samræming almannatryggingakerfa

Samræming almannatryggingakerfa og eftirlit með þeim heyrir aðallega undir velferðarráðuneytið og stofnanir þess.

Skrifstofa lífsskjara og vinnumarkaðar í velferðarráðuneytinu sinnir verkefnum sem varða eftirlaunakerfið, félagslega aðstoð, fæðingar- og foreldraorlof og atvinnuleysisbætur.

Tryggingastofnun heyrir undir velferðarráðuneytið og starfar samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 og lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007. Hlutverk Tryggingastofnunar er að framfylgja lögum um almannatryggingar, þ.m.t. eftirlaunakerfið og elli- og örorkulífeyriskerfið. Stofnunin annast einnig greiðslu bóta vegna félagslegrar aðstoðar, greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna og meðlagsgreiðslur. Starfsmenn eru 135 og starfa á skrifstofum víðs vegar um landið. Stýrinfnd hefur ákveðið við undirbúning fyrir rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar að innlendur aðgangsstaður verði staðsettur hjá Tryggingastofnun.

Vinnumálastofnun starfar samkvæmt lögum nr. 55/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir og lögum nr. 54/2006 um Atvinnuleysistryggingar og samkvæmt reglugerðum. Stofnunin annast greiðslu og umsýslu vegna foreldraorlofs og atvinnuleysisbóta. Vinnumálastofnun ber ábyrgð á vinnumiðlun og rekstri Atvinnuleysistryggingasjóðs, Ábyrgðarsjóðs launa og Fæðingarorlofssjóðs. Fjöldi starfsmanna er 183.

Sjúkratryggingar Íslands heyra undir velferðarráðuneytið og annast framkvæmd sjúkra- og slýsatrygginga. Fjöldi starfsmanna er 106.

Íslensk stjórnslá hefur næga getu til að halda áfram að innleiða regluverk um samræmingu almannatryggingakerfa.

Samþykkt regluverks ESB

Ísland fellst á sameiginlega regluverkið í 2. kafla um frelsi launþega til flutninga eins og það stóð 9. febrúar 2011. Ekki er farið fram á sérlausnir, undanþágur eða aðlögunartímabil í þessum kafla.